

SAMÞYKKT

um hundahald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í Vestmannaeyjum undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja með eftirfarandi skilyrðum.

- a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem sérinnngangur fylgir íbúðum, þarf samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar).
- c. Bæjarstjórn setur árlega gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar og skal gjaldið miðað við að bæjarsjóður beri ekki kostnað af hundahaldinu. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan 2ja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
- d. Skyld er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur bæjarstjórn eða hundavinafélagið ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum dýrum, gróðri og munum.
Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við afgreiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- f. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans. Einnig skal við ólina festa merki, sem sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundur hreinsaður. Hundaeyganda ber að tilkynna eftirlitsaðila um aðseturskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.
- g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi innan bæjarmarka, og að öllu jöfnu í taumi utan bæjarmarka en þá á ábyrgð eigenda, sbr. þó i-lið 2. mgr. þessarar greinar. Leyfishafa er skyld að fjarlægja saur eftir hundinn.
- h. Eigi má hleypa hundum inn í almenning afarartæki, leikvelli eða aðra þá staði, sem um ræðir í III., VIII., X. - XVII., og XX. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, en þeir eru:

1. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
2. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvellir.

3. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 4. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
 5. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
 6. Samkomuhús.
 7. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús, líkgeymslur.
 8. Húsakynni þar sem framleidd eru matvæli og farartæki sem flytja matvæli.
 9. Afgreiðslustöðvar eldsneytis og olíu.
- i. Óheimilt er að fara með hunda um miðbæ Vestmannaeyja. Þetta svæði miðast við Strandgötu, Bárugötu, Vestmannabraut og markast af Skólavegi í vestri og Kirkjuvegi í austri, en þetta bann miðast við opnunartíma verslana. Óheimilt er að vera með hunda í Herjólfssdal.
- Bærinn merkir þessi svæði af.
- Heimilt er að sleppa hundum lausum um eftirtalin svæði:
- Trönusvæði á Haugunum sunnan Eldfells og austan Helgafells og á milli Fella.
 - Vestan við Hamarsveg, frá Breiðabakka og norður að golfvellinum.
- Bærinn merkir þessi svæði af.
- Ákvæði staflíða h. og i. gilda ekki um hunda, sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra eða sjónskertra.
- Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í sérstökum tilvikum.
- j. Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki án leyfis dvelja lengur en eina viku í Vestmannaeyjum. Ef brotin eru skilyrði þessarar greinar varðar það refsingu samkvæmt 6. gr., sektum eða varðhaldi.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda eftirlitsaðila, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ákveður hver skuli annast framkvæmd eftirlits, þ.e. skráningar og hreinsunar hunda í Vestmannaeyjum. Þetta getur verið Heilbrigðiseftirlitið, Hundavinafélagið eða aðrir aðilar. Leyfisgjald rennur til eftirlitsaðila.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá eftirlitsaðila. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Ársfjórðungslega skal senda embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum skrá um leyfða hunda.

Leyfishafi fær afhenta merкта plötu, sbr. f. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum.

Eigi er skylt að sækja um leyfi fyrr en hvolpar hafa náð 3ja mánaða aldri.

Vitji leyfishafi ekki leyfis innan mánaðar frá því að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum lögum/reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið.

Ef leyfishafi brýtur gegn lögum um dýravernd nr. 21/1957, eða er uppvís að vanrækslu hundsins, t.d. sökum neyslu áfengis eða eiturylfja, þá getur bæjarstjórn afturkallað leyfið.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi fyrir einstökum hundategundum, einnig getur bæjarstjórnin afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Lögregla Vestmannaeyja og hundaeftirlitsaðila er skylt að fjarlægja lausa hunda, sem ganga lausir utanhúss og þar sem um ræðir í h-lið, 2. gr. þessarar samþykktar. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda. Skal lögreglan koma þeim fyrir í hundageymslu, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur úthlutað og í framhaldi af því hafa samband við eiganda hundsins. Eftirlitsaðili skal sjá til að hundinum sé gefið að éta, þann tíma sem hann er í vörslu.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlits, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

Bæjarstjórn getur sett reglur um nánari framkvæmd reglna þessara.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lög um dýravernd nr. 21/1957, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum nr. 320/1979, IV. kafli, um hundahald.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til hundahalds, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. maí 1994

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

**um tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja og búnaðar
vísindaleiðangra og hópa á vegum skólafnana.**

1. gr.

Tollstjóra er heimilt að leyfa tímabundinn tollfrjálsan innflutning tækja, verkfæra og búnaðar, þ.m.t. vistir, sem vísindaleiðangrar frá erlendum vísindastofnunum og háskólum og hópar á vegum skólafnana o.þ.h. flytja til landsins til notkunar við rannsóknir sínar hér á landi. Í tollfrelsi felst undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda, þ.e. tolls, virðis-
aukaskatts og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu innfluttra vara.